

**STJÓRNARFUNDUR Á SJÁLFSTÆÐISHÚSINU Á BLÖNDUÓSI
ÞRIÐJUDAGINN 08. FEBRÚAR 2011 KL 09:30.**

Þriðjudagurinn 08. febrúar 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar í Sjálfstæðissalnum á Blönduósi. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. Fjárhagsyfirlit rekstareininga SSNV fyrir árið 2010

- a. **SSNV atvinnuþróun.** Framkvæmdastjóri lagði fram óendurskoðað rekstaryfirlit fyrir árið 2010.
- b. **SSNV.** Framkvæmdastjóri lagði fram óendurskoðað rekstaryfirlit.
- c. **SSNV málefni fatlaðra.** Framkvæmdastjóri lagði fram óendurskoðað rekstaryfirlit ársins 2010.

2. Samstarf sveitarfélagana á Norðurlandi vestra

- a. **Almenningssamgöngur.** Lögð fram til umræðu stefnumótun í almenningssamgöngum sem unnin var af Samgönguráðuneytinu. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundum sem þeir hafa átt um málið með fulltrúum Innanríkisráðuneytisins en ráðuneytið hefur óskað samstarfs við landshlutasamtök sveitarfélaga um nánari útfærslur sem miða að eflingu almenningssamgangna í landinu. Umræður urðu um möguleika þess á að koma á skipulögðum almenningssamgöngum á Norðurlandi vestra. Einnig lýsti stjórn áhuga á að skoða möguleika á tilraunaverkefni til þess að koma á almenningssamgöngum á Norðurlandi vestra í samstarfi við viðkomandi ráðuneyti.
- b. **Heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi vestra.** Formaður innleiddi umræður um stöðu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra. Umræður urðu um framtíðarsýn veitingu heilbrigðisþjónustu á svæðinu m.a með tilliti til boðaðs verkefnaflutnings málefna aldraðra og mögulega heilsugæslu frá ríki til sveitarfélaga sem og mikilvægi málaflokksins út frá byggðalegu tilliti.
- c. **Efling Norðurlands vestra sem stjórnsýslu og þjónustueiningar.** Umræður urðu um hvernig unnt sé að efla Norðurland vestra sem eitt þjónustu og stjórnsýslu svæði.

Í kjölfar framangreindra umræðna samþykkir stjórn eftirfarandi bókun.

Stjórn SSNV telur afar brýnt að stjórnsýslulegt forræði sem flestra málaflokka haldist í landshlutanum og ríkisvaldið vinni með sveitarstjórnnum að því markmiði.

Stjórn SSNV samþykkir að hleypa af stokkunum verkefni þar sem kannaðir verði möguleikar á auknu samstarfi sveitarfélaganna á breiðari grunni og hvernig megi styrkja stjórnsýslu og opinbera grunnþjónustu á Norðurlandi vestra s.s á sviði velferðarþjónustu og skipulagsmála.

Í því verkefni verði m.a. verði metnir kostir;

- Aukins samstarfs og eða sameininga einstakra heilbrigðisstofnana í landshlutanum.
- Möguleikar þess að sveitarfélögin fái aukin áhrif á ráðstöfun fjármagns til samgöngumála þ.m.t. vegagerðar.
- Styrking sýslumannembættu á Norðurlandi vestra.
- Horft verði til eflingar opinberra stofnana í landshlutanum m.a. með verkefnaflutningum til þeirra.

Þá leggur stjórnin áherslu á að tryggt verði að Norðurland vestra verði sjálfstætt löggæsluumdæmi og að sjálfstæður héraðsdómstóll starfi á svæðinu.

Í vinnunni verði óskað samstarfs viðkomandi fagráðuneyta. Stjórnin fer fram á að tillit verði tekið til þessarar vinnu og frumkvæðis sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda á næstunni.

3. Fundur nefndar um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Framkvæmdastjóri fór yfir efnisatriði 1. fundar nefndarinnar sem haldinn var 14. janúar 2010.

4. Fundargerðir

- a. Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 2. febrúar 2011. Lögð fram til kynningar.

5. Frumvörp til umsagnar

- a. Tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum 403. mál. Veitir ekki umsögn.
- b. Frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamanna (heildarlög), 382. Mál. Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn.
- c. Frumvarp til laga um fjöleignarhús (leiðsöguhundar of.) 377. mál. Veitir ekki umsögn.
- d. Frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts á refa og minkaveiðum) 164. mál. Stjórn SSNV tekur undir efnisatriði frumvarpsins og mælir með samþykkt þess.
- e. Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41. Mál. Stjórn SSNV tekur undir efnisatriði tillögunnar og mælir með samþykkt hennar. Þá ítrekar stjórnin mikilvægi aðkomu sveitarfélagana að skipulagi og ákvarðanatöku að veitingu heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

6. Önnur mál

- a. Sameiginleg barnaverndarefnd á Norðurlandi vestra. Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu við tillögur um myndun sameiginlegrar barnaverndarnefndar á Norðurlandi vestra sbr. samþykkt 18. Ársþings.
- b. Samþykkt að taka á dagskrá
 1. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. Janúar 2011. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir 12:00 Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.